

Bekkur: 4. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: B. Harpa Magnúsdóttir

Tímafjöldi: 2 tímar á viku



Námsgögn:

Efniviður: Nemendur fá frelsi á vali sínu á verkefnum sem gerir það að verkum að efnisval þeirra getur verið misjafnt. Áhersla er hinsvegar á að nemendur í 4. og 5. bekk vinni a.m.k. eitt verkefni á önn sem tengist virkni þ.e. velji sér hluti eins og klukkur, leikföng sem búin eru einhverskonar orkugjafa (rafmagnsmótor, teygjum, blöðrum).

Verkefnin geta þó verið úr hinum ýmsu efnum.

Verkfæri: Hamrar, sagir, þjalir og skrúfjárn.

Annað: Ýmiskonar efni til skreytingar, sandpappír, lím, pappír, efni úr endurvinnslutunnum og fl.

Lykilhæfni:

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla.

Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Menningarlæsi	<i>Nemandi geti:</i> • unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar • hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum • unnið einföld verkefni í hópi • útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið • gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans • fjallað á einfaldan hátt um þætti sem snerta menningu í tengslum við verkefni sín • tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt • gengið frá eftir vinnu sína • lagt mat á eigin verk	• Fyrirlestur/Innlögn í upphafi annar • Sýnikennsla (einstaklings-/hópakennsla) sem á sér stað yfir alla önnina og tekur mið af því hvernig verkefni og vinna nemenda þróast hverju sinni • Einstaklingskennsla með áherslu á sjálfstæð vinnubrögð • Samvinnunám þar sem nemendur eru með hvatningu styrktir til að aðstoða hvern annan, hlusta og skiptast á skoðunum • Umræður er stór þáttur í allri hugmyndasköpun, skipst er á skoðunum og leiðir kennari nemendur í gegnum umræður sem einkennast af gagnrýnni hugsun. Áhersla er lögð á virðingu, ábyrgð og vinsemd	• Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans • Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni • Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum
Handverk	<i>Nemandi geti:</i> • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt	• Sýnikennsla • Einstaklingskennsla • Umræður	• Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist

	• gert grein fyrir nokkrum smíðaeefnum sem unnið er með	• Samvinnunám • Nemendur fá sýnikennslu í meðhöndlun og beitingu verkfæra í upphafi annar en þar sem nemendur hafa frelsi á vali á verkefnum þá má segja að kennsla á þessum þáttum er gegnum gangandi alla önnina m.a. í formi umræðna og sýnikennslu við hin ýmsu tækifæri	með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans • Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni • Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum
Hönnun og tækni	<i>Nemandi geti:</i> • dregið einfalda tvívíða skissu og teikningu til að útskýra hugmyndir sínar • unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit • framkvæmt einfaldar samsetningar • sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíða- verkefnum og nýtt virknipætti í smíðis-gripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur • bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast hans daglega lífi • greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir	• Sýnikennsla • Einstaklingskennsla • Umræður • Samvinnunám • Farið er í ferli sköpunar þar sem nemendur læra að setja hugmyndir sínar á blað og útbúa einfalt vinnuferli Sýnikennsla fer fram á töflu samhliða umræðum og hugstormun. Nemendur eru hvattir til að nýta sér hjálpartæki eins og tölvur og bækur í hugmyndasköpun sinni. Áhersla er einnig lögð á samvinnunám þar sem nemendur hjálpast að við að finna ólíkar lausnir	• Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans • Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni • Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum
Umhverfi	<i>Nemandi geti:</i> • valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi • sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með • beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar	• Sýnikennsla • Einstaklingskennsla • Umræður • Áhersla er lögð á að efla umhverfisvitund nemenda og fer sú kennsla mest fram í gegnum umræður sem kennari leiðir • Beiting verkfæra og líkama rétt við vinnu fer fram sem sýnikennsla í upphafi en er svo gegnum gangandi alla önnina og er í raun háð þeim verkefnum sem nemendur velja að gera hverju sinni	• Námsmat byggist á símati kennara á vinnu nemenda - Kennari fylgist með, ásamt því að veita góða og uppbyggilega umsögn til nemandans • Ábyrgð á umhverfi - nemandi þrífur og gengur frá eftir sjálfan sig og hugar á umhverfisábyrgð sinni • Viðmót gagnvart starfsfólki og öðrum nemum